**169. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,**
**31. ágúst 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**
Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

1. **2008222 - Sorpurðun**

Karitas Jónsdóttir og Sævar Jónsson fulltrúar Akraneskaupstaðar í stjórn Sorpurðunar Vesturlands mæta á fundinn og fara yfir málefni Sorpurðunar Vesturlands.

*Skipulags- og umhverfisráð þakka Karitas og Sævari góða kynningu á málefnum Sorpurðunar Vesturlands.*

*Karitas og Sævar víkja af fundi eftir þennan dagskrár lið.*

*Skipulags- og umhverfisráð fagnar þeirri vinnu sem átt hefur sér stað á samráðsvettvangi sorpsamlaga á suðvesturlandi og hvetur til frekari samráðs og samvinnu.*

2. **1907028 - Fimleikahús - búnaður**

*Þórdís Þráinsdóttir yfirþjálfari og Friðbjörg Sigvaldadóttir formaður Fimleikafélags Akraness og Karl Jóhann Haagensen verkefnastjóri sitja fundinn undir þessum lið.*

*Þann 30. júlí s.l. voru opnuð tilboð í verðkönnun á lausum búnaði fyrir FIMA í nýtt fimleikahús á Akranesi. Óskað var eftir verðum í tilboðsskrá skv. forgangslista FIMA. Tilboð bárust frá tveim aðilum, Altis og Fimleikar.is.*

*Verðtilboð voru eftirfarandi:*
*Altis 12.926.110*
*Fimleikar.is 23.487.832*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að taka tilboð Altis.*

3. **2008037 - Tónberg TOSKA - breyting á sviði**

Fyrirspurn um breytingu á sviði Tónbergs.

*Alfreð Þór Alfreðsson forstöðumaður áhaldahúss situr fundinn undir þessum lið.*

*Skipulags- og umhverfisráð óskar eftir að funda með hönnuðum hússins um breytinguna.*

*Alfreð Þór Alfreðsson og Karl Jóhann Haagensen víkja af fundi eftir þennan dagskrárlið.*

RS

**4. 2006235 - Deiliskipulag Akratorgsreitur - Suðurgata 119 og 121**

Breytingin var grenndarkynnt frá 23. júlí til og með 26. ágúst 2020. Ein athugasemd barst.

*Athugasemd lögð fram.*

**5. 2008164 - Deiliskipulag Skógahverfi 1. áfangi - Asparskógar 6**

Umsókn um deiliskipulagsbreytingu.

*Umsókn um breytingu lögð fram til kynningar.*

**6. 2004150 - Skógræktarfélag Akraness 2020 - styrkir og land til skógræktar**

Bæjarráð tók fyrir erindi Skógræktarfélags Akraness um áframhaldandi fjárstuðning á fundi sínum þann 20. júlí sl. bæjarráð vísar erindinu til skipulags- og umhverfisráðs

*Skipulags- og umhverfisráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunar 2021. Styrkveiting taki mið af samstarfssamningi milli Akraneskaupstaðar og Skógræktarfélagi Akraness.*

**7. 2008168 - Sunnubraut 2 - beiðni íbúa um gerð bílastæðis**

Beiðni íbúa við Sunnubraut og Akurgerði um gerð bílastæða við Sunnubraut 2, skv. deiliskipulagi.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur tekur jákvætt í erindið, en vísar því að öðru leyti til fjárhagsáætlunar 2021.*

**8. 2006228 - Jaðarsbakkar 1 - hönnun**

Samningur um arkitektahönnun.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi samning dagsettan í ágúst um ráðgjöf vegna arkitektahönnunar á Íþróttamiðstöð á Jaðarsbökkum.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að stofnaður verði stýrihópur yfir verkefnið.*

**9. 2008218 - Deiliskipulag Voga - Vogar 17, Flæðilækur**

Fyrirspurn um skipulag.

*Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í fyrirliggjandi áform. Bent er á að skipulagsbreytinga er þörf eigi þau að ganga eftir.*

**10. 2008220 - Deiliskipulag Dalbrautarreits - Dalbraut 6**

Fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi.

*Lagt fram til kynningar.*

**11. 2008223 - Deiliskipulag Skógarhverfi áf. 4 - Asparskógar 3**

Fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis áfanga 4, vegna Asparskóga 3.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.**

Ragnar Sæmundsson
Guðríður Sig
Ólafur Adolfsson
SBG.H
Hafdís Sigurþórsdóttir.
Stefán Þ. Steindórsson